

**Nd.**

**698. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögnum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með frv. er lagt til að færa Landsbankalögin til þess horfs, sem minni hluti Alþingis 1927 og millipinganefndin í bankamálinu 1925 vildu vera láta. Eru aðalbreytingarnar þessar:

1. Skýrt fram tekið, að ríkið beri fulla ábyrgð á bankanum, í stað þess að hafa aðeins takmarkaða ábyrgð.
2. Breytt stjórnarfyriřkomulagi bankans til þess horfs, sem meiri hluti Landsbankaneřndarinnar 1925 lagði til.

Lúta breytingartillögur frv. að þessum atriðum:

1. Þar sem Landsbankinn er eign ríkisins, þá er enginn vafi á því, að ríkið hefir þá einnig siðferðilega ábyrgð á fjárhag hans. Það eitt er því rjett, að kannast við það opinbert og hreinlega í lögunum sjálfum. Hitt, að segja að ríkið eigi bankann, en neita því jafnframt, að það beri ábyrgð á honum, er bæði hugsunarlega og siðferðilega rangt.
2. Breytingar þær, er frv. gerir á stjórnarfyriřkomulagi bankans, eru í höfuðatriðum samkvæmt því, er millipinganeřndin í bankamálinu 1925 lagði til. Miða þær að því, að bankinn sje sem óháðastur snöggum breytingum í skoðunum hjá stjórn og þingi.

Nefndin hefir ekki getað orðið ásátt í tillögum sínum um afgreiðslu málsins. — Meiri hlutinn (H. J., H. Stef. og Hj. V.) mælir með, að frv. nái fram að ganga, en vill þó gera á því nokkrar minni háttar breytingar. Mun verða gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við umræður.

Minni hlutinn mun gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt, og ber fram við það eftirfarandi

**BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Ný grein á milli 2. og 3. gr. frv., er verður 3. gr. (Greinatalan breytist samkvæmt því):
  4. málslíður 21. gr. hljóði svo:

Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankaneřndin kys til 1 árs í senn.
2. Við 6. gr. Fyrir orðin »til þriggja ára í senn« komi: til 5 ára í senn.
3. Við 14. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Auk þess skulu hinir bankaráðsmennirnir skiftast á um hið daglega eftirlit ásamt formanninum.
4. Við 15. gr. — Viðaukatillaga. Stafliður n. orðist svo:

n. Að gera tillögur til landsbankaneřndarinnar til reglugerðar um stjórn bankans og starfrækslu.

5. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
  - a. 42. gr. verði 47. gr.
  - b. 43. gr. verði 48. gr. og npphaf greinarinnar orðist svo: Landsbankanefnd, bankaráð o. s. frv.
  - c. 44. og 45. gr. verði 49. og 50. gr. og á undan 50. gr. komi: VI. kafli. Sjerrjettindi bankans.
6. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
  - a. 46., 47., 48., 49., 50., 51. og 52. gr. verði 51., 52., 53., 54., 55., 56. og 57. gr.
  - b. 53. gr. verði 58. gr. og síðari málsg. orðist svo:

Bæknr bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og i nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af skuldabryefnm bankans og framsöl þeirra skuln nndanþegin stimpilgjaldi.
  - c. 54. gr. verði 59. gr.
7. Við 23. gr. Síðasti málsliðnr (sbr. þskj. 569) falli niðnr.

Alþingi, 3. apríl 1928.

Halldór Stefánsson,  
form. og frsm.

Hjediinn Valdimarsson,  
fnndaskr.

Hannes Jónsson.